

Sp.

1141. Þingsályktun

um leigu á færeyskum skipum o. fl.

(Afgreidd frá Sp. 16. febr.)

Alþingi ályktar að samþykkja samning þann um leigu á færeyskum skipum, sem prentaður er sem fylgiskjal með þessari þingsályktun, og jafnframt að heimila ríkisstjórninni að leigja skip þessi öðrum eða annast rekstur þeirra, ef þörf krefur, enda leitist ríkisstjórnin við að tryggja eftir föngum hagsmuni þeirra staða, sem örðugast eiga um útflutning. Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem þessar ráðstafanir kunna að hafa í för með sér.

Fylgiskjal. (Samhljóða fskj. á þskj. 1120.)